

I. Biðskylda:

- a. Umferð um Nestún víki fyrir umferð um Ásbrú með biðskyldu.
- b. Umferð um Áskinn víki fyrir umferð um Ásbrú með biðskyldu.
- c. Umferð um Neskin víki fyrir umferð um Ásbrú með biðskyldu.

Breytingar þessar taka þegar gildi.

Sýslumaður Snæfellinga, 8. janúar 2003.

Ólafur K. Ólafsson.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá fyrir sérstök eftirlits- og þjónustustörf Vinnueftirlits ríkisins, nr. 572/2001.

1. gr.

Við 3. mgr. 2. gr. bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Fyrir aukaskoðun vegna uppsetningar vinnuvéla eða tækja sem eru með gilda reglubundna skoðun, til dæmis byggingakrana eða hengiverkpalla, skal greiða 50% af gjaldi fyrir reglubundna skoðun. Það sama á við um aukaskoðun vegna breytinga eða viðgerða á vinnuvélum eða tækjum.

2. gr.

Breyting þessi á gjaldskrá sem sett er samkvæmt 2. mgr. 49. gr., 3. mgr. 77. gr. og 2. og 4. mgr. 80. gr. laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, nr. 46/1980, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 9. janúar 2003.

Páll Pétursson.

Gylfi Kristinsson.

REGLUR

um skattmat vegna tekna af landbúnaði árið 2003.

Eftirfarandi reglur um skattmat tekna af landbúnaði á árinu 2003 eru settar skv. 116. gr. laga nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. og 2. tl. B-liðar 17. gr. reglugerðar nr. 245/1963 um tekjuskatt og eignarskatt. Um er að ræða mat á tekjum í búrekstri, hvort sem um er að ræða einstaklingsrekstur eða rekstur lögaðila, sem færa ber á rekstrarreikning landbúnaðarskýrslu fyrir árið 2003.

Búsafurðir til heimanota og önnur endurgjaldslaus afhending þeirra til eigenda, starfsmanna og skylduliðs þeirra skal telja til rekstrarrekna á rekstrarreikningi landbúnaðarskýrslu. Tekur skattmatið m.a. til búfjárafurða, jarðargróða, afraksturs af hvers konar hlunnindum,